

Aðalbaráttumál Geðhjálpar að ...

Neyðarþjónustu við geðsjúka verði komið á

AB — Í októbermánuði var aðalfundur félagsins Geðhjálp haldinn. Starfsemi félagsins á undanfögnu ári var rakin og kom þar m.a. fram að aðalbaráttumál félagsins nú er að neyðarþjónustu verði komið á við nýju geðdeildina eigi síðar en á næsta ári. Félagið telur að slík þjónusta geti oft komið í veg fyrir að sjúklingar þurfi að leggjast inn og taka þannig upp dýr sjúkrarúm. Einnig mun félagið láta til sín taka varðandi aðbúnað geðsjúkra afbrotamanna, stórefla fræðslu um geðheilbrigðismál og stuðla

að því að farið verði að settum lögum um geðvernd. Núverandi stjórn félagsins skipa Margrét H. Sveinsdóttir formaður, Guðbjörg H. Björnsdóttir varaformaður, Andrea Þórðardóttir ritari, Birna Bergsdóttir gjaldkeri og Nanna Þorláksdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn eru Sigríður Þorsteinsdóttir og Kristján Ó. Skagfjörð. Næsti almenni fundur félagsins verður haldinn í nýju geðdeildinni 13. nóvember n.k. og þar verður starfsemi félagsins rædd nánar.

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=277380&pageId=3965297&lang=is&q=Ge%F0hj%E1lp